

**Nd.**

**934. Nefndarálit**

[242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta var til meðferðar fyrir í vetur í félmn. Nd. og þá voru gerðar á því breytingar. Í efri deild var frumvarpinu aftur breytt til upprunalegs horfs og sent aftur til neðri deildar.

Nefndinni hafa ekki borist umsagnir um málið, en fulltrúar VSÍ komu á fund nefndarinnar.

Komið hefur fram að aðilar vinnumarkaðarins áttu aðild að samningu orlofslaganna nr. 87/1971. Engin ósk hefur komið frá þeim um að lögnum verði breytt. Kjarasamningar standa yfir milli aðila og þar eru orlofsmál m. a. á dagskrá. Samþykkt þessa frumvarps gæti haft óeðlileg áhrif á þá samninga. Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. félagsmálanefndar til að málið verði nú afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur skilað séráliti.

**RÖKSTUDD DAGSKRÁ.**

Af þeim ástæðum, sem greint er frá í nefndaráliti meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar, telur deildin ekki rétt að afgreiða málið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1982.

Alexander Stefánsson,  
form.

Steinþór Gestsson.

Friðrik Sophusson,  
fundaskr., frsm.

Jóhann Einvarðsson.

Guðm. J. Guðmundsson.

Eggert Haukdal.